



HRUNAMANNAHREPPUR

17. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 9. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 1. SEPTEMBER 2011
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2011, þann 1. september kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Uppskeruhátíðin. Dagskrá
2. Iðnaðarráðuneytið: Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.
3. Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsókn um reksturs gististaðar í Dalabyggð.
4. Skólaakstur. Verðskrá.
5. UMFÍ. Forvarnarmál.
6. Nefnd um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Gátlisti og umræðuskjal. Beiðni um athugasemdir.
7. Aðalskipulag á Flúðum: Ljónastígur.
8. Deiliskipulag á Flúðum:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

9. Veitustjórn: Fundargerð 12. fundar frá 29. ágúst s.l.
-liggur frammi á fundinum-
10. Starfshópur um uppbyggingu á almenningsgarði á Flúðum. Fundargerð 2. fundar frá 26 ágúst s.l.
11. Fræðslunefnd: Fundargerð 8. fundar vegna Undralands frá 30. ágúst s.l.
-liggur frammi á fundinum-
12. Fræðslunefnd: Fundargerð 10. fundar vegna Flúðaskóla frá 29. ágúst s.l.
-liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

13. Nefnd oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála (NOS): Fundargerð frá 8. ágúst s.l.
14. 38. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 25. ágúst s.l. og 68. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 3. ágúst s.l. og 69. afgreiðslufundur frá 24. ágúst s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 445. stjórnarfundar frá 12. ágúst sl.
- b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 205. stjórnarfundar frá 10. ágúst s.l.

Kynningarmál:

- c. Orkustofnun: Beiðni um gögn.
- d. Jafnréttisstofa. Afhending jafnréttis- og framkvæmdaáætlunar.
- e. Samband íslenskra sveitarfélaga: Evrópsk lýðræðisvika.

Fundir framundan:

- f. Landsfundur Jafnréttisnefnda: Landsfundur 9.-10. september 2011.
- g. Fannborg: 50 ára afmælishátíð í Kerlingarfjöllum 9. september 2011.
- h. Vegagerðin: Vígsla Hvítárbrúar 9. september 2011.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Uppskeruhátíðin. Dagskrá.
Oddviti kynnti drög að dagskrá Uppskeruhátíðar sem haldin verður í sveitarfélaginu laugardaginn 10. september nk.
2. Iðnaðarráðuneytið: Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Oddviti kynnti tillögu til þingsályktunar um áætlun og vernd og orkunýtingu landsvæða. Hreppsnefnd samþykkir að vísa málinu til umsagnar veitustjórnar, landbúnaðarnefndar og umhverfisnefndar.

3. **Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsókn um reksturs gististaðar í Dalabyggð.**
Oddviti kynnti umsókn vegna reksturs gististaðar í fristundabyggð í Dalabyggð. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd að heimilt verði að reka gististað í flokki II í sumarhúsi í Dalabyggð 24 og það samræmist skipulagi svæðisins. Hreppsnefnd telur eðlilegt að leyfið verði veitt til 2ja ára til að reynsla komi á þennan rekstur. Þá samþykkir hreppsnefnd að við þessa breytingu verði húsið skráð í fasteignaskrá sem atvinnuhúsnæði.
4. **Skólaakstur. Verðskrá.**
Oddviti kynnti óskir skólabilstjóra að hreppsnefnd tæki ákvörðun um verðskrá vegna skólaaksturs fyrir skólaárið 2011-2012. Hreppsnefnd samþykkir að hækka gjaldskrá vegna skólaakstur úr kr. 235 á km í 245 eða um 4,2%.
5. **UMFÍ. Forvarnarmál.**
Oddviti kynnti erindi frá UMFÍ að sveitarfélagið tæki þátt í átaki gegn neyslu munntóbaks með því að standa að veggspjöldum sem sett yrðu upp í íþróttamannvirkjum. Hreppsnefnd samþykkir að láta útbúa tvö veggspjöld fyrir sveitarfélagið.
6. **Nefnd um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Gátlisti og umræðuskjal. Beiðni um athugasemdir.**
Oddviti kynnti gálista og umræðuskjal nefndar á vegum Innanríkisráðuneytisins um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að taka saman minnisblað vegna málsins.
7. **Aðalskipulag á Flúðum. Ljónastígur.**
Lögð fram í samræmi við 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að lokinni auglýsingu, tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 innan þéttbýlisins á Flúðum, við Ljónastíg. Í breytingunni felst að um 1,3 ha svæði meðfram vestanverðum Ljónastíg breytist úr landbúnaðarsvæði í íbúðarsvæði, merkt A14. Tillagan var auglýst 30. júní með athugasemdafresti til 12. ágúst sl. Ein athugasemd barst sem varðar hæð og gerð fyrirhugaðra íbúðarhúsa. Hreppsnefnd samþykkir aðalskipulagsbreytinguna óbreytta frá auglýstri tillögu og vísar umfjöllun um athugasemd til afgreiðslu deiliskipulagsbreytingar svæðisins sem auglýst var samhliða.
8. **Deiliskipulag á Flúðum.**
Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að endurskoðun deiliskipulags garðyrkjulóða vestan við Ásabyggð. Í gildi er deiliskipulag fyrir hluta svæðisins en endurskoðað deiliskipulag stækkar til suðurs þannig að það nær nú yfir Mýrarstíg, Garðastíg og hluta Ljónastígs. Skipulagið nær yfir garðyrkjulóðir við Garðastíg og Mýrarstíg, íbúðabyggð við Ljónastíg og verslunar- og þjónustusvæðis norðan Sneiðar á Flúðum. Innan svæðisins eru 13 garðyrkjulóðir, 10 íbúðarlóðir og ein lóð fyrir verslun- og þjónustu. Deiliskipulagið er í samræmi við breytingu á aðalskipulagi hluta svæðisins sem auglýst var samhliða. Ein athugasemd barst við aðalskipulagsbreytinguna sem vísað var til afgreiðslu deiliskipulagsins.

Hreppsnefnd samþykkir deiliskipulagið með þeirri breytingu að hámarkshæð nýrra húsa á lóðum við Ljónastíg 7 og 9 verði 5 m í stað 7,5 frá gólfplötu aðalhæðar. Á þeim lóðum verður einnig heimilt að vera með kjallara eða jarðhæð.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

9. **Veitustjórn: Fundargerð 12. fundar frá 29. ágúst s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar veitustjórnar frá 30. maí sl. Farið var yfir vatnsmál í Laugarkrók, 7. mánaða uppgjör Hitaveitu Flúða, yfirlit um kaldavatnsnotkun í sumar, beiðni um vatnsveitu að Skarði og Reykjabæjum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, viðauka við samning Hrunamannahrepps og landeigendur í Berghyl vegna vatnstöku, rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða.

Esther og Gunnar Þór vilja vekja athygli á lið 4 í fundargerðinni en þar samþykkir meirihluti veitustjórnar að óska eftir tilboðum í kaldavatnsveitu í

Skarð- og Reykjabæi á Skeiðum. Fyrir á veitustjórnarfundinum í lið 1 mætti Lárus Stefánsson á Reykjaflöt og útskýrði fyrir fundarmönnum mikinn vatnsskort hjá sér og fleirum í Laugakrök. Lárus og fleiri hafa ítrekað óskað eftir köldu vatni til sín en ekki hefur fengist samþykki hjá veitustjórn að fara í það verk vegna samstöðuleysis sumarhúsaeyganda á svæðinu. Veitustjórn hefur sett það sem skilyrði að allir á leiðinni og á svæðinu verði að sækja um vatn en það dugi ekki að 3 stórir aðilar sem líða fyrir vatnsskort geri það. Það var upplýst á veitustjórnarfundinum að það sé ekki vegna vatnsskorts sem Reykjabæir sækir um kaldavatnsveitu heldur vegna skorts á vottuðu vatni. Vatnsskortur er hins vegar í Skarði. Við teljum það lágmarkskröfu að vandi íbúa Hrunamannahrepps í kaldavatnsmálum sé leystur áður en farið er að leysa vanda íbúa annarra sveitarfélaga. Við leggjum því til að lið 4 verði frestað þar til veitustjóri hefur fundað með hagsmunaaðilum í Laugarkrök og vandi þeirra hefur verið leystur. Að öðru leyti samþykkja þau fundargerðina.

Meirihluti hreppsnefndar vill taka það fram að veitustjórn hefur ekki sett það sem skilyrði að allir íbúar og sumarhúsaeygendur í Laugakröknum verði með í umsókninni. Til þess að kostnaður við framkvæmdina verði sem lægstur á hvern notanda er skynsamlegast að sem flestir komi að umsókninni. Lagning vatnsveitu að Skarði og í Reykjahverfið í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er að engu leyti háð fyrirhugaðri lagningu vatnsveitu í Laugakrök. Í því sambandi má benda á lið 3 í síðustu fundargerð veitustjórnar þar sem fram kemur að nægjanlegt framboð er af köldu vatni. Sveitarfélagið mun hér eftir, sem hingað til kappkosta að tryggja þeim íbúum sem þess óska aðgang að hreinu og góðu neysluvatni. Meiri hluti hreppsnefndar samþykkir því fundargerð veitustjórnar óbreytta.

10. Starfshópur um uppbyggingu á almenningsgarði á Flúðum. Fundargerð 2. fundar frá 26 ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar starfshóps um uppbyggingu almenningsgarðs á Flúðum frá 26. ágúst. Esther og Gunnar Þór gera eftirfarandi athugasemd: Það að ekki hafi verið hægt að fá verktaka í sumar, vegna anna hjá þeim, stenst ekki því við vitum um a.m.k. tvo verktaka hér í sveit, Flúðaverk ehf og Árni ehf, sem ekki var haft samband við. Þeir fullyrða báðir að þeir hefðu getað sinnt þessu verki ef eftir því hefði verið leitað. Okkur þykir sjálfsagt mál að talað sé við alla aðila í sveitarfélaginu sem geta sinnt slíkum verkum en ekki bara suma. Við störfum hér í umboði allra íbúa Hrunamannahrepps og verðum að gæta þess að mismuna ekki aðilum. Við förum fram á að fleiri eins og t.d. Flúðaverk ehf og Árni ehf fái tækifæri að bjóða í þetta verk. Meirihluti hreppsnefndar gerir ekki athugasemdir við fundargerðina og tekur ekki undir athugasemdir minnihlutans.

11. Fræðslunefnd: Fundargerð 8. fundar vegna Undralands frá 30. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 8 fundar fræðslunefndar vegna Undralands frá 30. ágúst. sl. Farið var yfir skýrslu leikskólastjóra, rekstraryfirlit, stefnumótun og skólastefnu, mönnun og verkaskiptingu stjórnenda í leik- og grunnskóla, undanþágubeiðni vegna vistunar og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

12. Fræðslunefnd: Fundargerð 10. fundar vegna Flúðaskóla frá 29. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar fræðslunefndar vegna Flúðaskóla frá 29. ágúst s.l. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, rekstraryfirlit, mönnun og verkaskiptingu stjórnenda í leik- og grunnskóla, skólastefnu og stefnumótun og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

13. Nefnd oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála (NOS): Fundargerð frá 8. ágúst s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð fyrsta fundar nefndarinnar frá 8. ágúst sl. Þar var m.a. skipað í nýja velferðarnefnd Árnespings og gengið frá ráðningu nýs félagsmálastjóra Árnespings, Maríu Kristjánsdóttur. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina og óskar nýrri velferðarnefnd og nýjum félagsmálastjóra velfarnaðar og þakkar fyrri félagsmálastjóra og félagsmálanefnd Uppsveita og Flóa fyrir góð störf.

14.38. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 25. ágúst s.l. og 68. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 3. ágúst s.l. og 69. afgreiðslufundur frá 24. ágúst s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 38. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 25. ágúst 2011 en þar var farið yfir 2 mál fyrir Hrunamannahrepp og tvö sameiginleg. Farið var yfir mál nr. 3, fundargerð 68. afgreiðslufundur frá 3. ágúst sl. þar sem tvö mál snertu Hrunamannahrepp og fundargerð 69. afgreiðslufundar frá 24. ágúst sl. þar sem tvö mál voru tengd sveitarfélaginu. Mál nr. 4 þar sem lagðar voru fram athugasemdir við byggingarreglugerð sem sendar hafa verið Umhverfisstofnun. Mál nr. 6 þar sem ekki var gerð athugasemd við byggingarleyfi fyrir bílskúr að Ásgerði 2. Mál nr. 11 þar sem lýsing af fyrirhugaðu deiliskipulagi úr landi Syðra-Langholts 2 var samþykkt með fyrirvörum um kynningu og umsagnarferli. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál og fundargerðina að öðru leyti.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 445. stjórnarfundar frá 12. ágúst sl. Fundargerð lögð fram.
- b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 205. stjórnarfundar frá 10. ágúst s.l. Fundargerð lögð fram.

Kynningarmál:

- c. Orkustofnun: Beiðni um gögn. Lagt fram til kynningar.
- d. Jafnréttisstofa. Afhending jafnréttis- og framkvæmdaáætlunar. Lagt fram til kynningar.
- e. Samband íslenskra sveitarfélaga: Evrópsk lýðræðisvika. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- f. Landsfundur Jafnréttisnefnda: Landsfundur 9.-10. september 2011. Lagt fram til kynningar.
- g. Fannborg: 50 ára afmælishátíð í Kerlingarfjöllum 9. september 2011. Lagt fram til kynningar.
- h. Vegagerðin: Vígsla Hvítárbrúar 9. september 2011. Lagt fram til kynningar.
Hreppsnefnd skorar á íbúa og gesti að fjölmenna á viðburði sem verða við vígslu brúarinnar þann 9. september nk.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.16.15.